



# Safnrými tengt við borgarrými

● Fjallað er um sögu og umbreytingu Hafnarhússins á nýrri sýningu í D-sal ● Sýningarstjórinn Ólöf Bjarnadóttir skrifaði meistararitgerð í safnafræðum um húsið þar sem hún greinir það út frá rými

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Hafnarhús – pakkhús hugmynda í miðborginni nefnist sýning sem opnuð var í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi 18. júní, en í ár eru 20 ár liðin frá því að hluti hússins varð eitt af þremur safnhúsum Listasafns Reykjavíkur. Á sýningunni er Hafnarhúsið sjálft í forgrunni og sögu þess og umbreytingu í listasafn gerð skil, að því er segir í tilkynningu, og einnig skoðað hvernig safnbyggingin sem rými vinnur með listinni og tengist umhverfi sínu, þ.e. borgarrýminu. Á sýningunni má sjá gamlar teikningar og ljósmyndir og einnig teikningar, ljósmyndir og líkan sem sýnir umbreytingu arkitektastofunnar Studios Granda á húsinu, frá þeim tíma er safninu og Erró-safneigninni var fundinn þar staður.

## Safnbyggingar sem rými í borg

Ólöf Bjarnadóttir safnafræðingur er sýningarstjóri sýningarinnar en í meistararitgerð sinni í safnafræðum greinir hún safnhús Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi út frá rými og þá bæði því rými sem húsið sjálft umlykur en einnig hvernig það tengist umhverfi sínu, sjálfu borgarrýminu. Ólöf er með BA-gráðu í arkitektúr frá Listaháskóla Íslands og er nú að ljúka meistaranámi í safnafræði frá Háskóla Íslands.

„Lokaverkefnið mitt fjallaði um safnbyggingar sem rými í borg og í því gerði ég greiningu á Hafnarhúsinu út frá því hvernig Hafnarhúsið tengist umlykjandi borgarrými,“ útskýrir Ólöf fyrir blaðamanni.

Hún segist hafa skoðað ákveðna þætti nánar en aðra. „Áherslan hjá mér var að horfa á hvernig þetta hefur þróast í gegnum söguna, hönnun safnbygginga og hvernig þær eru að verða sífellt meiri hluti af borginni. Þetta eru ekki lokuð menningarmusteri eins og var hér einu sinni heldur eru þau að verða meira samvinnuð borginni og borg-



Morgunblaðið/Eggert

Sýningarstjóri Ólöf Bjarnadóttir safnafræðingur er sýningarstjóri sýningarinnar í D-sal Hafnarhússins.



Líkan Margt forvitnilegra muna er á sýningunni og þeirra á meðal þetta líkan frá Studio Granda sem sá um hönnun safnsins í Hafnarhúsi á sínum tíma.

in er oft tekin inn í bygginguna og byggingin teygir sig svolítið út í borgarrýmið. Eg var að horfa á þessa þætti í Hafnarhúsinu,“ segir Ólöf. Á hún þar bæði við arkitektúrinn og starfið sem fram fer inni í húsinu.

## Tate Modern líka 20 ára

Ólöf segist hafa borið Hafnarhúsið saman við listasafnið Tate Modern í London. Bæði söfn voru opnuð árið 2000 og ýmislegt er sameiginlegt með þeim, fleira en Ólöf átti von á áður en hún hóf greiningu sína. Safnbyggingarnar tvær eru staðsettar í miðborgum en þó afar ólíkum að stærð og báðar safnbyggingarnar voru upphaflega hannaðar fyrir önnur hlutverk áður en þeim var umbreytt í safnhús. Einnig gengur hönnun safnanna meðal annars út á það að tengja safnrými þeirra við umlykjandi borgarrými en þó á ólíkan hátt.

Mikið er um ljósmyndir á sýningunni í D-sal, gamlar sem nýjar. Þær gömlu varpa ljósi á sögu hússins og sýna hvað hafnarsvæðið hefur breyst mikið og hlutverk hússins um leið. Þá eru einnig margar ljósmyndir sem sýna ýmsar hliðar hönnunar Studio Granda á safninu. „Síðan verðum við með skemmtilegt líkan frá Studio Granda og vídeó af opnun safnsins og umfjöllun um það í sjónvarpsþættinum *Mósaik* sem tekinn var upp í opunarhófinu,“ nefnir Ólöf og einnig að ljósmyndir megi sjá af eldri sýningum þar sem listamenn hafi unnið með bygginguna sem rými.

## ANNAD HLUTVERK



Hafnarhúsið Á sér merkilega sögu.

## Var áður skrifstofu- og vörugeymsluhús

„Hafnarhúsið var upprunalega hannað sem skrifstofu- og vörugeymsluhús Reykjavíkurhafnar á fjórða áratug síðustu aldar. Á þeim tíma var höfnin líflína borgarinnar við umheiminn og var Hafnarhúsið því vegna staðsetningar sinnar frá upphafi virkur þátttakandi í borgarlífinu,“ segir í tilkynningu um sýninguna. Byggingin hafi verið hönnuð undir áhrifum frá stefnu sem kennd var við funksjónalisma og gerði kröfu um samvirki forms og notagildis. Þannig hafi upphaflegt hlutverk byggingarinnar endurspeglast í hönnuninni og tengt hana umhverfi sínu.

„Undir lok 20. aldar þróaðist svæðið við Reykjavíkurhöfn mikið vegna breytinga á hafnarstarfsemi sem varð til þess að Hafnarhúsið glataði sínu upphaflega hlutverki. Tekin var ákvörðun um að koma Listasafni Reykjavíkur fyrir í hluta af Hafnarhúsinu en talið var að staðsetning safnsins þar gæti m.a. endurnýjað tengsl milli miðborgarinnar og hafnarsvæðisins sem glatast höfðu árin á undan. Þannig gæti listasafnið hjálpað til við að virkja umlykjandi borgarrými og Hafnarhúsið orðið á ný virkur þátttakandi í miðborginni, að þessu sinni í gegnum list og menningu. Arkitektastofan Studio Granda varð hlutskörpust í samkeppni um hönnun Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Í tillögu sinni unnu þau með sögu staðarins með það að leiðarljósi að opna aftur tenginguna við höfnina. Einnig var í tillögunni leitast við að halda í einkenni upphaflegu byggingarinnar og halda þannig í söguleg tengsl, þar á meðal portið í miðju hússins sem á sér fáar hliðstæður í íslenskri byggingarsögu,“ segir jafnframt um húsið í tilkynningunni.